Byggingarlýsing-breyting.

Breytingar innanhúss felast í því að bil 0102-0105 og 0202-0205 eru sameinuð, núna merkt 0102 og 0104. Í þessu rými verður starfrækt stálsmiðja sem framleiðir vélar og tæki til matvælaframleiðslu. Rýmið er skipulagt sem skrifstofur, framleiðslusalur ásamt aðstöðu starfsmanna.
Settar eru útísvalir á norðurhlið hússins sem fer út fyrir byggingareit og geymslutankur við suðaustur horn.Geymslutankurinn er einnig utan byggingareits.
Útlit hússins er að öðru leyti óbreytt og eins bil 0101 og 0103.
Heildarstærðir breytast ekki og nýtingarhlutall helst óbreytt.



AFSTÖÐUMYND

Brunavarnir

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf í des. 2019 fyrir Einhellu 9 Hafnafirði, verk nr. 17-254-001.
Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með skilgreindum tækniskiptum.
Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er iðnaðar-, lager- og skrifstofuhúsnæði á einni hæð ásamt milliloftum í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.
Byggingunni er skipt upp í tvo eignarhluta, í vesturhluta er gert ráð fyrir geymsluhúsnæði ásamt léttum iðnaði.
Í austurhluta er gert ráð fyrir stálsmiðju ásamt skrifstofum.
Heildarflatarmál jarðhæðar er um 1500 m².
Heildarflatarmál millilofta er um 380 m².
Heildargólfflatarmál byggingarinnar er um 1880 m².

Notkunarskilmálar

Gert er ráð fyrir mesta brunaálag í báðum hlutum hússins er 800 MJ/m² en flestur hefðbundinn iðnaður rúmast innan þess.
Mesti mannfjöldi á lager í vesturhluta er 5 manns.

Brunahólfun

Byggingunni er skipt í tvö meginbrunahólf.
Annarsvegar er Austurhluti rúmir 1200 m², Hinsvegar vesturhluti hússins tæpir 300 m².
Hefðbundin brunahólf.
Salur í vesturhluta er sér brunahólf.
Starfsmannarými, milliloft og önnur tengd rými í vesturhluta eru eitt brunahólf.
Salur í austurhluta, verkstjórarými, geymsla og slípiherbergi eru eitt brunahólf, um 1000 m².
Inntaksrými er sér brunahólf.
Búningsherbergi og önnur tengd rými á jarðhæð eru eitt brunahólf.
Kaffistofa, skrifstofur ásamt tengdum rýmum á milliloftum eru eitt brunahólf.

Burðarvirki

Burðarvirki hússins er límtré.
Brunahólfandi veggir milli meginbrunahólfa er a.m.k. REI90.
Brunamótsstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.

Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru samlokueiningar einangraðar með steinull og eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru þakeiningar einangraðar með steinull og eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang eða næsta brunahólf.
Vesturhluti:
Frá sal eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er beint út um gönguhurð á suðurhlið sals, hin er út í gegnum starfsmannarými.
Frá starfsmannarými eru tvær óháðar flóttaleiðir, Önnur flóttaleiðin er beint út um gönguhurð í móttöku, hin er út í gegnum sal.
Frá lager eru tvær óháðar flóttaleiðir, Önnur er niður stiga, hin er út um björgunarop og þaðan niður fellistiga.
Austurhluti:
Frá vinnslusal eru a.m.k 6 óháðar flóttaleiðir beint út.
Frá búningsherbergjum eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er beint út í , hin er út í gegnum vinnslusal.
Frá kaffistofu eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er út svalir en hin er inn í stigahol og þaðan niður í anddyri jarðhæðar.
Mesti fjöldi á kaffistofu er 20 manns.
Frá skrifstofum eru tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er niður stiga og þaðan út í gegnum vinnslusal, hin er inn í stigahol og þaðan niður í anddyri jarðhæðar.

Brunaviðvörunarkerfi

Vesturhluti:
Reiknað er með stökum reykskynjurum. Reiknað er með a.m.k. einum reykskynjara á hverja 80 m² og að lámarki einum reykskynjara í hvert rými.
Austurhluti:
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í austurhluta hússins skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar.
Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður við aðalinngang.
Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi

Ekki reiknað með að loftræsikerfi gangi á milli brunahólfa.

Reyklosun

Reykræsing er almennt um vöruhurðar, glugga og hurðar.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur eru í byggingunni skv. ÍST EN 671 sbr. teikningar. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 sbr. teikningar, miðað er við t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýru við rafmagnstöflur.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigarými og útistiga, 1 lux á flóttaleiðum og stigum, 0,5 lux í sal, vinnslusal og á millilofti.
Útiljós skulu vera sett upp við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma er góð að byggingunni frá Einhellu og miðað er við að viðbragðstími slökkviliðs sé um 10-15 mínútur. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 2350 l/mín.

Samþykkt þann
20. MAI 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Byggingarlýsing.

Almenn lýsing.

Einhella 9 er einnar hæðar atvinnuhúsnæði með millilofti að hluta. Húsið er byggt upp af límtrésrömmum og er það klætt samlokueiningum á veggjum og þaki.
Ekki eru gerðar kröfum um annað en að húsið sé frostfrítt í sal og á lager en skrifstofuhluti skal hafa hitastig 18-22°C.
Efni og litaval skal skal ákveðast í samráði við arkitekt.
Verði starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 m.s.b. og/eða lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.b. í húsnæðinu ber rekstraraðila að afla starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar-og Kópavogssvæðis. Nefndin getur óskað eftir sérteikningu af viðkomandi rými. Mengunarvarnarbúnaði á fráveitu og útblástur verður komið fyrir í samræmi við ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Staðgreinir. 1400-1-19550090

Landnúmer 203428

Birt flatarmál	1.833,8 m2
Brútto rúmmál	11.069,1 m3
Lóðarstærð	5.152.6 m2
Nýtingarhlutfall	0,355

Burðarvirki.
Sökklarog botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Burðarvirkið er byggt upp með Límtrésrömmum og T-1 burðarviðum og þakpaneleiningum (yleiningar)

Einangrun.
Sökklar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun. Botnplata er einangruð undir skrifstofurými með 100 mm. plasteinangrun. Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm. steinullareinangrun. Þakvirkið er er einangrað með 150 mm steinullareinangrun.

Klæðningar.
Útveggir og þak eru klædd með með trapizulaga Samlokueiningum. Þak er klætt þakpaneleiningum (yleiningar). Gluggar eru úr áli með tvöföldu K-geri.

Lóð.
Á lóð er gert ráð fyrir 38 bílastæðum, þar af tveimur fyrir fatlaða. Gert er ráð fyrir rafhleðslubúnaði á 8 stæðum. Þá er gert ráð fyrir svæðum fyrir sorpgeymslur, allt að 300 m2.

Ýmiss atriði.
Léttir innveggir eru úr blikkstoðum með tvöföldulagi af gifsplötum . Húsið er hitað upp með ofnum og hitablásarum. Í votrýmum eru gólfniðurföll. Í aflokuðum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting. Fráveitukerfi byggingarinnar verður búið olíugildru til að fyrirbyggja olíumengun í fráveitukerfi bæjarins. Húsið er ekki hannað á grundvelli algildrar hönnunar, en gert er ráð fyrir að hægt sé að færa til veggi á salernum og stækka þau, og stækka hurðir. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að setja lyftur í húsið. Handrið og handlistar skulu standast ákvæði B.R 6.5. Bréflúgur fyrir póst skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar. Hitastig vatns á töppunarstöðum skal ekki vera hærra en 65°C og skal varmabreytir vera við inntak í húsið. VLR merkir vélræn útloftun rýmis.

Kólnunartölur.

Kröfur um hámarks U-gildi sbr. Gr. 13.3.2

Þak:	0.3 W/m2 K
Útveggur:	0.4 W/m2 K
Gluggar:	0.3 W/m2 K
Gólf á fyllingu:	0.4 W/m2 K

31.03.2020
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorg 7 - 210 Garðabæ

BRUNAHÖNNUN 20 ára reynsla

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

ARKAMON
Kvíslartungu 40, 270 Mosfellsbæ
arkamon@simnet.is
GSM:892-0400

VALGEIR BERG STEINDÓRSSON kt. 250464-2319

EINHELLA 9
Afstöðumynd, byggingalýsing og brunahönnun.

		Mkv. 1:500	A1
HANNAÐ	VALGEIR B.	NÓV. 2019	TEIKN. **A-01**
TEIKNAÐ	VALGEIR B.	SAMÞ.	